

Alþingi
Erindi nr. P 143/64
komudagur 28.10.2013

Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags og viðskiptanefndar
nefndasvið@althingi.is

28. október 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014.
Þskj. 2 -2. mál. Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.

Vísað er til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd dags. 9. október s.l. Athugasemdir slitastjórnar SPB hf. áður Sparisjóðabanka Íslands hf. (Icebank) lúta einvörðungu að V. kafla frumvarpsins er kveður á um tillögur að breytingu á lögum nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

14. gr.

Slitastjórn SPB hf. telur þá breytingu að skattleggja fjármálafyrirtæki í slitameðferð ekki standast þær stjórnskipulegu kröfur sem gerðar eru til skatta og áskilur sér allan rétt til að láta reyna á grundvöll og lögmæti slíkrar skattheimtu verði frumvarp þetta að lögum.

Það er meginregla í íslenskum stjórnskipunarrétti að skattlagningarheimildir þurfa að vera skýrar og ótvíræðar og eiga sér beina lagastoð sbr. 40. og 77. gr. stjkskr. Í því felst að kveða þarf á um skattskyldu, skattstofn og gjaldstig skattsins eða fjárhæð hans að öðru leyti. Þær stjórnskipulegu kröfur eru jafnframt gerðar til skatta að þeir séu lagðir á eftir almennum efnislegum mælikvarða og jafnræðisreglu.

SPB hf. telur ómálefnalegt og órökrétt að skattleggja skuldir fyrirtækja í slitameðferð. Fyrirtækin eru í slitameðferð vegna þess að þau voru allsendis ófær um að standa undir skuldbindingum sínum. Slík skattlagning rýrir eignir slitabúanna með beinum hætti og leiðir til skerðingar á úthlutun til kröfuhafa en telja verður að slíkt kunni að vera í andstöðu við sjónarmið um vernd eignarréttar sbr. 72. gr. stjkskr.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 155/2010 er skattstofn gjaldskyldra aðila heildarskuldir þeirra í lok tekjuárs. Þá er tekið fram að heildarskuldir séu skuldir, sbr. 75. gr. laga um tekjuskatt, eins og þær eru tilgreindar á skattframtali fjármálafyrirtækja. SPB hf. bendir á að skuldir fjármálafyrirtækja í slitameðferð samanstandi nær einvörðungu af kröfum sem lýst hefur verið í slitabúið. Engan veginn verður ráðið af frumvarpinu hvort miðað sé við

heildarvirði lýstra krafna, eða þeirra krafna sem hafa verið samþykktar af hálfu slitastjórnar. Í tilviki SPB hf. er munurinn þar á milli mjög mikill. Þá er einnig óljóst hvort sú heildarskuldastaða sem horfa ber til taki til þeirra fjölmörgu ágreiningsmála hjá slitastjórnnum sem enn á eftir að leysa úr.

Boðuð álagning samræmist ekki þeim lögakveðnu markmiðum sem fram koma í lögum nr. 155/2010. Í 1. gr. þeirra laga er beinlínis kveðið á um að markmiðið sé tvíþætt; annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta kostnaði við hrun fjármálakerfisins og „*hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið*“. Slitabú SPB hf. er ekki í áhættusömum rekstri með tilheyrandi kerfisáhættu fyrir þjóðarbúið (og heldur ekki önnur slitabú), aukinheldur sem SPB hf. hefur ekki starfsleyfi til að starfa sem fjármálafyrirtæki.

16. gr.

Slitastjórn SPB hf. getur ekki annað en mótmælt því orðalagi og þeirri fyrirætlan sem felst í 16. gr. frumvarpsins og telur að um lögleysu sé að ræða; „*Skattkrafa á grundvelli laga þessara nýtur rétt hæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti, en ella er hún aðfararhæf án undangengis dóms eða sáttar*“.

Það er meginregla í gjaldþrotarétti að skattkröfur njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur í þrotabú og skattkröfur eru að meginreglu til almennar kröfur. Það helgast fyrst og fremst af sjónarmiðum um jafnræði kröfuhafa. Með 16. gr. frumvarpsins er verið að gera gagngerar breytingar á þeirri réttarskipan sem gildir og hefur gilt fram að þessu. Þá bendir slitastjórn SPB hf. á að löggjafinn geri greinarmun á slitameðferð og gjaldþrotaskiptum sbr. lög nr. 161/2002 og kunni því núverandi orðalag 16. gr. að valda misskilningi, þ.e. að krafan njóti rétt hæðar 112. gr. við *gjaldþrotaskipti*.


Sá sem vill koma að kröfu á hendur slitabúi verður að lýsa þeirri kröfu fyrir slitastjórn sbr. 117. og 118. gr. laga nr. 21/1991. Kröfuhafar sem hafa lýst kröfum sínum hafa réttmætar væntingar til þess að ekki komist frekari kröfur að gagnvart búinu nema í þeim þröngu undantekningartilfellum sem kveðið er á um í 118. gr. laga nr. 21/1991. Þá eiga kröfuhafar almennt að geta gengið út frá því að kröfur sem verða til eftir uppkvaðningu úrskurðar um slit séu eingöngu búskröfur sem slitastjórn hefur stofnað til.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum þá er verið að mæla fyrir um nýja skipan og breytta réttindaröð við slit á fjármálafyrirtæki sem þegar eru hafin. Því er um afturvirka og

Íþyngjandi löggjöf að ræða sem mun engan veginn standast að mati slitastjórnar SPB hf.,
sem áskilur sér allan rétt þar að lútandi.

Virðingarfyllst,

f.h. slitastjórnar SPB hf.



The image shows two handwritten signatures in blue ink. The top signature is written in a cursive style and appears to be 'Bryndis S. Hul.' followed by a horizontal line. The bottom signature is also in cursive and appears to be 'Vigdís Hul.' followed by a horizontal line.